

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðnýjar M. 140 Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 8. júní af dómsmálaráðherra 8. júní 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar M. Kristjánsdóttur og Gísla G. Ásgeirssonar og er stofnfé hans kr. 1500.00 — fimmtán hundruð — gjöf frá hrepps-
búum Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk efnalittlem sjúklingum, búsettum í Auðkúluhreppi, í langvarandi veikindum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Það fé, sem sjóðnum kann að áskotnast fyrir gjafir, áheit eða á annan hátt, leggist við höfuðstólinn. Eigi skal veita styrk úr sjóðnum fyrr en höfuðstóllinn hefur náð þeirri upphæð, að hálfir ársvextir hans nema 100 krónum, og má styrkur úr sjóðnum aldrei vera lægri en 100 krónur í hvern stað. Nú er af einhverjum ástæðum ekki úthlutað styrk úr sjóðnum fyrir eitt ár eða fleiri og má þá við næstu úthlutun einnig úthluta hálfum vöxtum ársins eða áranna á undan. Þegar sjóðurinn er orðinn 50000.00 — fimmtíu þúsund — krónur má úthluta úr honum $\frac{1}{10}$ hlutum ársvaxtanna, en jafnan skal $\frac{1}{10}$ hluti ársvaxtanna lagður við höfuðstól

4. gr.

Hreppsnefnd Auðkúluhrepps í Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur á hendi stjórn sjóðsins og annast oddviti hreppsnefndarinnar reikningshald sjóðsins. Skal ávaxta sjóðinn í Söfnunarsjóði Íslands eða veðeildarbréfum Landsbanka Íslands eða í verðbréfum, er kunna að koma í stað veðeildarbréfanna, ef veðeildinni kynni að verða breytt. Þó skulu það aðeins vera 1. veðréttar bréf, tryggð í fasteignum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, fundarsamþykktir, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir þeim og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa sérstaka bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins gerðir eigi síðar en síðast í marzmánuði ár hvert. Skal ársreikningur sjóðsins lagður fyrir sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar og samþykktar.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðindanna.